

**Ed.**

**705. Breytingartillögur**

[202. mál]

við frv. til laga um Laxárvirkjun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflsstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra allt að fullvirkjun árinna, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisafstöð þar og aukningar þessara mannvirka.

2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Þegar tímabært er, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðsfossvirkjunar og Austurlands, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja þessar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

3. Við 6. gr. Á eftir 4. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.